



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 22. nóvember 2018

Ákvörðun nr. 30/2018

Kaup HB Granda hf. á Ögurvík ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 6. nóvember 2018 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum HB Granda hf. (hér eftir HB Grandi) á öllu hlutfé í Ögurvík ehf. (hér eftir Ögurvík) Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningum eru gerðir fyrirvarar um að fyrir liggi samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að hlutfélagið HB Grandi í núverandi mynd varð til við samruna Granda hf. og Haralds Böðvarssonar hf. þann 1. janúar 2004 og samruna HB Granda hf., Tanga hf., Bjarnareyjar ehf. og Svans RE-45 ehf., þann 1. október sama ár. HB Grandi sé skráð á aðalmarkaði Nasdaq Iceland en það hafi verið skráð á markað þann 25. apríl 2014 en þar áður verið skráð á First North markaði. Fyrirtækið geri út fjóra ísfisktogara sem sjái botnfiskvinnslum félagsins fyrir afla til vinnslu. Þá geri félagið út tvo frystitogara sem að megninu til séu á veiðum á grálúðu, karfa, þorski, ýsu, ufsa og gullaxi. Félagið gerir einnig út tvö uppsjávarskip. Fram kemur að HB Grandi stundi vinnslu á botn- og uppsjávarfiski og sé botnfiskvinnsla í Reykjavík og Vopnafirði ásamt því að hluti vinnslunnar sé um borð í frystitogurum félagsins. Félagið reki fiskiðjuver á Vopnafirði sem sé sérhæft til vinnslu á uppsjávarfiski ásamt því að reka uppsjávarvinnslu á Akranesi þar sem unnin séu loðnuhrogn. Þá sé á Vopnafirði og Akranesi einnig stafræktar fiskimjölsværksmiðjur.



Fyrir eigi HB Grandi dótturfélögin Vigni G. Jónsson hf. og Norðanfisk hf. Starfsemi Vignis G. Jónssonar snýr að afurðum unnum úr hrognum og að Norðanfisk hf. sérhæfi sig í fullvinnslu sjávarafurða í stóreldhús- og neytendapakningar ásamt innflutningi á sjávarafurðum.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Ögurvík sé útgerðafélag sem hafi rekið útgerð frá Reykjavík í meira en hálfari öld og selji sjávarafurðir á erlendum og innlendum mörkuðum. Félagið hafi verið keypt af Útgerðarfélagi Reykjavíkur hf. (ÚR), þá Brim hf., árið 2016, sem sé nú seljandi félagsins. Ögurvík eigi og geri út einn frystitogara, Vigra RE-71, frá Reykjavík. Vigri RE-71 gerir út á botnfiskveiðar og hefur verið eitt af kvótahæstu fiskiskipum íslenska flotans. Fram kemur að Ögurvík hafi enga landvinnslu og sé starfsemi félagsins í dag aðeins fólgin í veiðum Vigra RE-71 og vinnslu afla um borð. Sala á afla Vigra RE-71 er næstum að öllu leyti á erlenda markaði, eða yfir 90%. Þátttaka Ögurvíkur á markaði með uppsjávarafli sé óveruleg og miðist við útleigu markálheimilda þegar þeirra nýtur við.

Fram kemur að Ögurvík eigi engin dóttur- eða hlutdeildarfélag en hafi verið hluti af samstæðu ÚA frá því það var keypt árið 2016.

Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða láréttan samruna sem felst í því að HG Grandi eignast í aðalatriðum útgerðafélag og togara sem stundar botnfiskveiðar.

Í samrunatilkynningunni er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.*, um skilgreiningu markaða þar sem greinarmunur var gerður á markaði fyrir annars vegar botnfiskveiðar og hins vegar uppsjávarveiðar. Að mati samrunaaðila sé sá markaður sem hér ber að líta til markaður fyrir botnfiskveiðar, enda sé það sá markaður sem samrunaaðilar starfi báðir á. Afkoma Ögurvíkur á markaði fyrir veiðar og vinnslu uppsjávarfisks sé engin.

Þar sem afurðir samrunaaðila séu nær alfarið seldar erlendis sé ekki ástæða til að líta á markaðinn minni en Ísland. Að mati samrunaaðila sé sameiginleg markaðshlutdeild þeirra eftir samruna á markaðnum fyrir veiðar um 12%. Þá megi líta á markaðinn fyrir vinnslu og sölu á fiski í víðari samhengi, t.a.m. Evrópu, sem sé helsta sölusvæði samrunaaðila. Á þeim markaði sé markaðshlutdeild samrunaaðila verulega lág.

Samrunaaðilar taka fram að markaðshlutdeild sameinaðs fyrirtækis á einstökum mörkuðum má ætla að sé/verði í beinu hlutfalli við þær aflahlutdeildir sem fyrirtækið muni hafa yfir að ráða. Samkvæmt framansögðu verði sameinaðar heimildir fyrirtækisins í þar greindum tegundum og talið í þorskígildum í kringum 12% og því um 88% markaðarins í höndum annarra aðila. Tekið er fram að í 4. gr. samkeppnislaga komi fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda. Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar því að fyrirhugaður samruni muni ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni á skilgreindum mörkuðum þeirra né verði til við samrunann markaðsráðandi fyrirtæki í skilningi samkeppnisréttar.

III.



Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samrunaaðilar starfa að hluta til á sömu mörkuðum. HB Grandi stundar að mestu botnfiskveiðar en einnig uppsjávarveiðar og hefur fiskvinnsla félagsins verið rekin í Reykjavík, Akranesi og Vopnafirði og afurðir seldar um allan heim. Ögurvík rekur útgerð frá Reykjavík og gerir út einn frystitogara til botnfiskveiða og selur afla sinn að langmestu leyti á erlendan markað. Samrunaaðilar telja unnt við skilgreiningu markaða að líta til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013, *Kaup Síldarvinnslunnar hf. á Bergi-Huginn ehf.*, þar sem í sambærilegu máli hafi m.a. verið litið til markaðsstöðu eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum við mat á stöðu fyrirtækja á markaði.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland. Vísast í þessu sambandi til framangreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 þar sem byggt var á því að málið varði „*starfsemi útgerða á Íslandi sem feli í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi*“.

Samkeppniseftirlitið tekur undir skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins, þ.m.t. landfræðilegum markaði, um að markaðir málsins nái til landsins alls þ.e. Íslands. Sé litið til markaðshlutdeildar samrunaaðila sem byggir m.a. á upplýsingum Fiskistofu og fylgdi samrunatilkynningunni má sjá að samrunaaðilar eru samtals með um 12,4% af heildaraflahlutdeild eftir þorskígildum eftir samrunann m.v. 1. mars 2018.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að næði samruninn fram að ganga yrði samtala HB Granda og Ögurvíkur í hlutfalli af þorskígildum yfir löglegum hámarkum skv. 13. gr. fiskveiðilaga vegna bæði ufsa og heildarhlutfalls. Í því samhengi vísa samrunaaðilar til ákvæðis 2. mgr. 14. gr. fiskveiðilaga þar sem fram komi að ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu aðila eða tengdra aðila fer umfram tilgreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umfram aflahlutdeild hans er. Sé aðila þá veittur sex mánaða frestur til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin.

Í ljósi framangreinds vill Samkeppniseftirlitið benda á að eftirlitið hefur nú einnig til skoðunar kaup Brims (nú ÚR) á hlut í HB Granda. Er þar til skoðunar hvort að við kaupin hafi átt sér stað breyting á yfirráðum yfir HB Granda í skilningi samkeppnislaga og þ.a.l. tilkynningarskyldur samruni samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga. Komi í ljós að umrædd kaup ÚR á hlut í HB Granda feli í sér tilkynningarskyldan samruna til Samkeppniseftirlitsins mun eftirlitið meta þann samruna sérstaklega og þá með hliðsjón af niðurstöðu þessa máls, þ.e. kaup HB Granda á Ögurvík. Fyrir liggur að með slíkum samruna, sé um samruna að ræða, munu sameinað félag fara enn frekar yfir leyfileg hámark í ufsa og heildarhlutfalls sem og einnig í karfa og grálúðu.



Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls verður ekki séð að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að með kaupum HB Granda á 100% hlutafjár í Ögurvík sé ekki ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 7. september 2018, keypti HB Grandi hf. allt hlutafé í Ögurvík ehf., þar sem helstu eignir félagsins eru einn frystitogari og aflahlutdeildir. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson